

**Nd.**

### **344. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 41, 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Fyrstu málsgrein 15. gr. laganna skal orða svo:

Merkjadómi má skjóta til hæstarjettar. Hæstirjettur gerir annaðhvort að staðfesta merkjadóm eða fella hann úr gildi, sbr. þó 9. gr. síðustu málsg., og skal málinu þá vísað heim og merkjadómur skyldaður til að taka málið upp af nýju. Hæstirjettur kveður á um greiðslu kostnaðar af málskotinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Nefndinni hafði borist þetta frumvarp, með tilmælum um, að hún flytti það. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu:

Hjer er farið fram á það, að fella niður úr 15. gr. landamerkjaganna það ákvæði, að áfrýjunarleyfi í landamerkjamálum megi ekki veita eftir að liðnir eru 12 mánuðir frá dómsuppsögn, og veita þannig aðiljum merkjamála sama rjett og aðrir aðiljar einkamála hafa, að geta fengið uppreistarleyfi hjá dómismálaráðherra, samkv. 28. gr. hæstarjettarlaganna, nr. 22, 1919, þótt liðnir sjeu meira en 12 mánuðir frá dómsuppsögn, »ef aðilja hefir eigi verið unt að áfrýja máli sínu fyrr, enda verði sjálfum honum eigi um kent«.

Bæði þessi lög, sem hjer hafa verið nefnd, voru sett á sama þingi. Landamerkjalögin voru samin fyrr og ákvæði 15. gr. voru sett til þess, að »merkjavafi skuli enginn lengur vera en nauður rekur til«. Þegar þau lög voru samin, giltu aðrar reglur en nú um uppreistarleyfi. Eftir að frumvarp til hæstarjettarlaganna kom fram í þinginu, var engin ástæða til þess að halda þeim sjerákvæðum um áfrýjun landamerkjamála, sem með frumvarpi þessu er farið fram á að fella burtu, því að þau fólust í 26. og 28. gr. hæstarjettarlaganna. Það mátti ekki veita uppreistarleyfi í einkamálum samkv. frumvarpi hæstarjettarlaganna, eftir að 12 mánuðir voru liðnir frá dómsuppsögn, nema alveg sjerstaklega stæði á. Það mnn hafa verið gleymska hjá þinginu 1919, að samræma ekki þessi tvö lög, því að það getur ekki hafa vakað fyrir þinginu að svifta sjerstaklega aðilja í landamerkjamálum rjetti til að fá mál sitt prófað fyrir æðra dómi, ef þeim var eigi unt að áfrýja innan 12 mánaða og þeim sjálfum var eigi um að kenna, einkum þegar þess er gætt, að það sama þing leiðir í lög það nýmæli, í 30. gr. hæstarjettarlaganna, að jafnvel hæstarjettarmál geti orðið tekin til meðferðar af nýju.

Reynslan hefir sýnt, að ákvæðið í 15. gr. landamerkjaganna hefir

valdið því, að aðili í landamerkjamáli hefir ekki fengið prófaðan merkjadóm, sem *hann* átti enga sök á, að eigi var tekinn til meðferðar af hæstarjetti.